



**Forvarnir skipta máli
„vertu eldklár í alvöru!“**



Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125 • 230 Reykjanesbær
Sími varðstofu 421 4748
www.bs.is

Munið
neyðarnúmerið

112
EINN EINN TVEIR
NEYÐARLÍAN

Inngangur:

Ágætu lesendur, markmiðið með útgáfu þessa bæklinga er að upplýsa það helsta um starfsemi og rekstur Brunavarna Suðurnesja. Von mín er sú að eftirfarandi upplýsingar varpi ljósi á mikilvægi og umfang stafseminnar.

Um Brunavarnir Suðurnesja:

Eignaraðilar Brunavarna Suðurnesja, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður og Vogar er falið samkvæmt lögum nr. 75 frá árinu 2001, umsjón brunamála.

Brunavarnir lúta að bættum lífsskilyrðum, öruggara umhverfi og minnkun eignatjóns og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur í mótun búsetuskilyrða og öryggi fyrir-tækja. Í þágu öryggis og velferðar í samfélaginu leitast Brunavarnir Suðurnesja við að veita gott þjónustustig með því að tryggja stöðuga þróun og markvissa endurnýjun á tækjum og útkallsbúnaði liðsins og að efla þekkingu og reynslu starfsmanna BS af metnaði og framsýni. Með tíð og tíma hafa atburðir á við stórbruna og manntjón átt stór-an þátt í tilvist og uppbyggingu slökkviliða. Slökkvilið BS er eitt fjögurra atvinnuslökkviliða á Íslandi sem hefur sólarhringsvaktir alla daga ársins. Slökkviliðið er í heild sinni vel tækjum búið en í samanburði er rekstraeiningin fámenn, fáir íbúar koma að rekstrinum. Á útkallssvæðinu eru tæplega 14 þús. íbúar, fjölbreytt starfsemi og blandaður iðnaður. Samtals eru 30 stöðugildi hjá BS. Starfsvið BS í megin þáttum eru brunavarnir og slökkviliðsstörf, sjúkraflutningar, slysa- og bráðatilfelli, björgun fólks í slysa- og umferðaróhöppum. Viðbrögð við mengunaróhöppum, vatnslekum og öðrum tilfellum samkvæmt nánari skilgreiningu í samning. Að auki, annast BS viðbrögð við boðun frá öryggiskerfum, þ.e. brunakerfum, innbrotskerfum og neyðarhnöppum, samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samningur um gangkvæma aðstoð er milli slökkviliða á Suðurnesjum og gott samstarf við önnur björgunarlið.

Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum annast fjárreiður BS. Starfsemi og rekstur BS byggir á framlagi rekstraraðila og sértekjum BS. Kostnaður vegna mannhalds er stærsti útgjaldaliður rekstursins, eða um 85%. Sólarhringsvaktir og mannfrek bráðatilfelli eru ófyrirsjáanleg og rekstralega óhagkvæm. Undanfarin ár hefur rekstrar-niðurstaða verið jákvæð, eftirfarandi tafla sýnir helstu lykiltölur úr rekstri BS árin 2003 og 2004.



Sigmundur Eypórsson
slökkviliðsstjóri.

Yfirlit um rekstur Brunavarna Suðurnesja

Tekjur og gjaldareikningar

Tekjur	Árið 2003	Árið 2004
Framlög	74,907,899	74,881,155
Sértekjur	44,448,283	51,865,048
Samtals tekjur:	119,356,182	126,746,203
Gjöld		
Laun og launat. gj.	85,115,192	90,752,462
Almennur rekstrarkostn.	15,236,804	16,685,381
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.	7,323,706	8,897,182
Fjárfestingar og vextir	10,392,965	4,621,871
Samtals gjöld	118,068,667	120,956,896
Rekstraniðurstaða (tap) hagn.	1,287,052	5,789,307

Brunavarnir Suðurnesja sem skipa fimm manna Stjórn, þrír frá Reykjanesbæ, einn frá Sveitarfélaginu Garði og einn frá Vatnsleysuströnd. Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri BS.



Fulltrúar í stjórn BS: Ólafur Thordersen, Sigurður Kristinsson, Gísli Kjartansson, Sigurvín Guðfinnsson, formaður og Georg Friðriksson. Jón Guðlaugsson varaslökkviliðsstjóri og Sigmundur Eypórsson slökkviliðsstjóri.

Þrátt fyrir ýmsar upptakomur, hefur þetta misseri í heild sinni verið framgangsrikt í mörgum málum, þar má helst má nefna:

- **Samstarf slökkviliða á Suðurnesjum og framtíðasýn:** Stjórnin vann að ástandsúttekt og framtíðarsýn fyrir BS. Gerð var hagkvæmnikönnun um eflingu samstarfs og mögulega sameiningu slökkviliða á Suðurnesjum. Ekki náðist samkomulag um aukið samstarf þrátt fyrir að skýrslan sýndi ótvírætt hagræði um sameiningu ýmissa verkþátta s.s. sameiginlegt eldvarnareftirlit, þjálfun mannhalds, samræming og uppbygging búnaðar t.d. mengunarvarnarbúnaði.
- **Húsnæðismál:** Á tímabilinu var unnið markvisst að framtíðalausn í húsnæðismálum BS. Að lokinni greiningarvinnu, liggur fyrir tillaga um að byggð verði ný slökkviliðsstöð sem staðsett yrði ofan Reykjaneshallar, við svonefnda Borgarbraut. Staðurinn þykir afar hentugur með tilliti byggðarþróunar.
- **Þróun og uppbygging útkallsbúnaðar:** Lokið er þriggja ára áætlun um endurnýjun á útkallsbúnaði. BS fjárfesti í hitamyndavél sem byggir á skynjun útfjólublárra geisla. Vélin er fjölnota leitartæki sem gagnast reykköfum BS við að finna fólk í litlu skyggni, við erfiðar aðstæður, þegar tíminn dýrmætur.
- **Þjálfun og uppbygging:** Menntunarstig slökkviliðsmanna BS er hátt, flestir hafa lokið því námi sem í boði er hérlendis og sótt framhaldsnám skeið erlendis, bæði í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Árlega fer hópur slökkviliðsmanna í þjálfunarferð til vinaslökkviliðs BS í Lindesberg í Svíþjóð. Unnið er að uppbyggingu gámasamstæðu og þjálfunarsvæðis.

Tölfræðiupplýsingar

Eftirfarandi sýnir öll útköll og hreyfingar slökkviliðsins. Í kjölfar fólksfjölgunar á svæðinu hefur útköllum fjölgað á milli ára. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um tjón vegna bruna en brunatjón hefur verið í lágmarki undanfarin ár, á árinu 2004 var brunatjón á svæði BS óverulegt.

Hreyfingar slökkviliðs Brunavarna Suðurnesja 2004

Tegund hreyfingar	Fjöldi
Eldur í byggingu	25
Ekki eldur í byggingu	25
Viðvörðunarkerfi	61
Grunur um eld / skoðun	10
Narr í eld	1
Umferðarslys	12
Leki hættulegra efna	6
Vatnstjón	19
Dýr í hættu	1
Æfingar	7
Rýmingaæfingar	13
Hreinsun á vegum	5
Opna hurð	4
Öryggisvakt	2
Dælu	1
SAMTALS	192

Hreyfingar slökkviliðs eftir tíma sólarhrings

Tími	Fjöldi
kl.08:00 til 12:00	33
kl.12:00 til 17:00	49
kl.17:00 til 20:00	34
kl.20:00 til 24:00	37
kl.00:00 til 08:00	39
SAMTALS	192

Samanburður á fjölda brunaútkalla 1998 - 2004

	Staðfestur eldur	Heildarfjöldi hreyfinga
Árið 1998	47	178
Árið 1999	49	163
Árið 2000	52	189
Árið 2001	61	170
Árið 2002	47	166
Árið 2003	35	154
Árið 2004	50	192

Umfangsmesti þáttur starfseminnar eru sjúkraflutningar á svæðinu, sérstaða sjúkraflutninga eru flutningar til sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu sem tengjast m.a. rannsóknnum. Mesta aukning er sérstaklega í tengslum við flugið.

Hreyfingar sjúkraflutninga Brunavarna Suðurnesja 2004

Niðurstaða útkalls	Fjöldi
Afboðað	22
Afgreitt á staðnum	47
Afhent heilsugæslu	7
Afhent lögreglu	3
Andlát	12
Flutningur	989
Heim	10
Milli stofnana	138
Neitar aðstoð	2
Sjúkraflug	1
SAMTALS	1231
Samtímaflutningar	Fjöldi
Fyrsti bíll	1092
Annar bíll	125
Þriðji bíll	14
SAMTALS	1231

Hreyfingar sjúkraflutninga eftir tíma sólarhrings

Tími	Fjöldi
kl.08:00 til 12:00	283
kl.12:00 til 17:00	379
kl.17:00 til 20:00	159
kl.20:00 til 24:00	172
kl.00:00 til 08:00	238
SAMTALS	1231

Samanburður á fjölda sjúkraflutninga 1998 - 2004

	Forgangur	Heildarfjöldi
Árið 1998	342	1142
Árið 1999	348	1126
Árið 2000	367	1212
Árið 2001	369	1218
Árið 2002	401	1049
Árið 2003	389	1310
Árið 2004	378	1231



Eldvarnareftirlit: Brunavarna Suðurnesja

Megin áhersla er lögð á forvarnarstarf, þar er í öndvegi samstarf við menntastofnanir á svæði BS þar sem markvisst er æfð viðbrögð við eldsvoða.

Á hverju ári er farið í heimsókn á heimili sem eru í mestri fjarlægð frá slökkviliðsstöð með fræðslu og leiðbeiningum um rétt viðbrögð við eldsvoða.

Eldvarnarskoðanir fyrirtækja eru í gangi allt árið, einnig er farið í skyndiskoðanir í veitinga og skemmtistaði.



Fræðsluhorn:

Við eldsvoða er nauðsynlegt að hafa forgangsröðunina á hreinu!

1. Bjargið öllum út
2. Látið vita um eldinn munið **Neyðarnúmerið 112**
3. Reynið að slökkva eldinn, en setjið ykkur aldrei í hættu við það.

Reykskynjarar eiga að vera í öllum íbúðum og getur þurft að hafa fleiri en einn í hverri íbúð, einnig eiga að vera til staðar eldvarnarteppi og slökkvitæki.

Purfi fólk ráðleggingar varðandi brunavarnir s.s. eldvarnarbúnað eða staðsetningu búnaðar er alltaf hægt að fá upplýsingar hjá slökkviliðinu á varðstofu, **sími 421-4748 allan sólahringinn.**